

Greinargerð:

Hér er um að ræða framrúðuskífu í stað gjaldmæla. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel t.d. á Akureyri og ríkir með það almenn ánægja. Hægt er að hafa þann tíma sem fólk leggur frítt breytilegan eftir staðsetningu. Reynslan á Akureyri hefur jafnframt verið sú að tekjur bílastæðasjóðs bæjarins urðu meiri. Sé farið fram yfir tímann hefst gjaldtaka og síðan sekt ef ökutæki er lagt fram yfir leyfilegan tíma. Með þessu fyrirkomulagi nýtast stæðin betur og leiða má sterkar líkur að því að verslun í miðbænum muni taka fjörkipp, verði þessu kerfi komið á. Eins og vitað er, er verslun t.d. á Laugavegi að dala og eru kaupmenn verulega uggandi, hinn almenni borgar leita frekar annað vegna hárra bílastæðisgjalda. Fjölmargar verslanir við Laugaveg eru nú að loka og flytja sig annað. Haldi sem horfi mun Laugavegurinn verða einungis með minjagripaverslanir.

Það er löngu tímabært að skoða til hlítar möguleika á að taka upp bifreiðaklukkur í Reykjavík í stað gjaldmæla og skorar Flokkur fólksins á borgaryfirvöld að koma á samstarfshópi borgarinnar og hagsmunaaðila í miðborginni sem myndu kynna sér betur kosti þessa kerfis með það fyrir augum að innleiða það. Með þessu kerfi eykst sparnaður umtalsvert við gjaldmælakostnað og viðhald á þeim.

Með tilkomu nýrra gjaldmæla hefur bifreiðareigendum eða leigjendum bifreiða reynst auðvelt að taka stæði í gíslingu dögum saman án þess að hægt verði að beita sektarákvæðum. Það hefur borið við að á bifreiðastæðum fyrir framan hótél við Laugavegin hafi bifreið staðið í sama stæðinu dögum saman, líklega meðan leigjandi/eigandi bifreiðarinnar hefur brugðið sér í nokkurra daga ferð út fyrir borgina. Þetta þarf að hindra að geti gerst og besta leiðin við því er að taka upp bifreiðarklukkku. Hagkvæmni hennar er ótvíræð.